

Stórvirki um Ísland og Kaupmannahöfn

Bókarhöfundur: **Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór.**

Bókarheiti: **Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands.** Fyrri og síðara bindi.

Gagnrýnandi: **Ólafur Þ. Harðarson,** prófessor.

Útgáfa: **Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2013, 1172 bls.** (564+608).

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Þetta tæplega 1200 blaðsíðna verk er tvímælalaust stórvirki. Það er lifandi frásögn, þar sem persónusaga og lýsingar á daglegum háttum og umhverfi er rækilega tengd við megindrætti þjóðfélagsþróunar á Íslandi og í Danmörku í fimm aldir – og þess gætt að byggja bæði á fræðilegum heimildum og sjálfstæðri rannsókn. Verkið markar tímamót að því leytinu, að aldrei fyrr hefur birst jafn umfangsmikil, sanngjörn og greinargóð lýsing á allsherjarsamskiptum Dana og Íslendinga – í máli og myndum.“

Kaupmannahöfn var höfuðborg Íslands í tæpar fimm aldir – frá miðri 15. öld fram á þá tuttugustu. Til ársins 1904 var öll æðsta stjórn landsins þar – að vísu veik í fyrstu, en hún styrktist mikið eftir siðaskiptin sem fólu í sér „byltingu að ofan“ eða „djúpstæðustu og langvinnustu breytingar á samskiptum Dana og Íslendinga sem sagan kann frá að greina“ (fyrri bindi, bls. 91). Kaupmannahöfn var ekki einungis miðstöð valdsins fyrir Íslendinga öldum saman; verslun og viðskipti Íslendinga beindust einkum þangað eftir að Dönum tókst með ærinni fyrirhöfn og vopnuðum átökum að berja á Íslands-umsvifum Hollendinga, Englendinga og Þjóðverja, en þau voru miklu meiri en dönsku umsvifin í upphafi tímabilsins. Íslenska elítan sótti líka æðri menntun fyrst og fremst til Kaupmannahafnar frá miðri sextánda öld til miðrar nítjándu aldar, en áður höfðu Íslendingar sótt æðri menntun til annarra Evrópulanda. Nýir straumar í þjóðfélagsmálum komu einkum gegnum Kaupmannahöfn þegar liða tók á tímabilið, þó þeir ættu auðvitað rætur víða. Þetta á bæði við um hugmyndir og stjórnmál, en líka um verklegar framkvæmdir og alla þróun íslensks samfélags til nútímahátta.

Um flest þetta hefur áður verið ritað. Vandað og ríkulega myndskreytt yfirlitsrit um alla þessa sögu er hins vegar nýnæmi. Metnaðarfull hugmyndin að verkinu er frá höfund-



unum komin og myndasöfnunin er þeirra verk. Guðjón Friðriksson tók reyndar fjölda mynda sjálfur. Egill Baldursson sá um útlit bókanna og umbrot – og er það listlegt verk.

Kostnaður við að semja rit af þessu tagi er óhjákvæmilega mikill – og verkið ekki endilega þeirrar tegundar sem helst fá styrki úr venjulegum rannsóknasjóðum. Höfundarnir sáu sjálfir um fjáröflun til verksins, en þeir gegndu ekki föstum stöðum á ritunartímanum. Helstu styrktaraðilar voru annars vegar sjóður á snærum danska skipakóningsins Mærsk [*A. P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal eða Almenfonden*] og hins vegar *Styrktarsjóður Baugs Group*. Báðir veittu tvær milljónir danskar til verksins, en sá síðarnefndi hafði greitt $\frac{3}{4}$ hluta síns framlags þegar sjóðir hans þurru eftir bankahrun. Þá tók Íslandsvinurinn Søren Langved að sér að greiða afganginn. Auk þess veittu Seðlabanki Íslands, utanríkisráðuneytið og Þjóðhátíðarsjóður stuðning. Danir eiga miklar þakkir skyldar fyrir þetta framlag – og sömuleiðis Jóhannes í Bónus, sem réði mestu um framlag Baugs til þessa merkilega verkefnis (fyrri bindi, bls. 5-9).

Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands nær ekki einungis yfir sögu fimm alda, heldur er fjallað um flesta þætti þjóðlífsins. Mikil breidd í tíma og rúmi. Engin furða að til þessa þurfi tæpar 1200 síður í tveimur bindum. Öll umgjörð verksins er einkar glæsileg – bækurnar eru óvenju fallegir prentgripir. Fjölmargar myndir og kort eru dýrmæti [um 1080 talsins] – og eru ekki bara til skrauts, heldur auka mönnum skilning. Lítið dæmi: Flestir sögufróðir Íslendingar þekkja söguna af fátækum hjáleigubónda á Vatnsleysuströnd, Hólmfasti Guðmundssyni, sem var hýddur 1698 [að viðstöddum amtmanni] fyrir að selja fátæna fiska í Keflavík en ekki í Hafnarfirði eins og honum bar. Hafnarfjarðarkaupmaðurinn sem kærði Hólmfast hét Knud Petersen Storm – en hús hans í Kaupmannahöfn var byggt á Hallarhólmanum 1696 og síðar selt Friðriki IV. sem notaði það fyrir ástkonur sínar (fyrri bindi, 256-7). Ljósmynd Guðjóns af húsinu [sem nú er Slotholmsgade 8] undirstrikar rækilega mismunandi þjóðfélagsstöðu þeirra tveggja einstaklinga sem þarna áttust við. [Á bls. 274 er reyndar líka frásögn af Hólmfasti, en þar er kærúarið sagt 1697 og aðrir kaupmenn nefndir til sögu sem kærendur].

Yfirlitsrit af þessu tagi er eðli máls samkvæmt meira á breiddina en dýptina; ekki er verið að svara þröngum rannsóknarspurningum eins og gjarnan er gert í fræðiritum sem fjalla um afmarkaðri efni. Hér er hins vegar gefinn almennur og breiður bakgrunnur, sem getur gagnast afar vel fyrir þá sem vilja skilja eða rannsaka tiltekna þætti Íslandssögunnar – og ómetanlegar eru skýrar frásagnir höfundanna af einstökum þáttum hennar. Endalaust má deila um einstakar áherslur og það hversu miklu rými er varið til að fjalla um ólík viðfangsefni. Mestu skiptir þó að það sé vel gert sem höfundarnir stefna að – og það á sannarlega við hér.

Gríðarleg heimildaöflun liggur að baki verkinu og ítarlegar heimildaskrár, myndaskrár og mannanafnaskrár eru gagnlegar. Höfundarnir vísa að því er virðist til flestra viðeigandi íslenskra heimilda um efnið, þó margir geti sjálfsagt fundið eitthvað sem þeir hefðu gjarnan viljað bæta þar við. Meira nýnæmi fyrir íslenska lesendur eru hins vegar þær firnamiklu dönsku heimildir sem höfundar hafa bersýnilega kembt í gegnum við ritunina. Það á ekki síst við um fjölmörg prentuð rit um sögu Danmerkur og Kaupmannahafnar, gömul og

ný. Dönsk skjaldasöfn hafa líka verið þeim notadrjúg. Þessar heimildir geta gagnast þeim sem vilja rita fræðilega um afmarkaðri þætti þessarar miklu sögu.

Nokkur einkenni á frásögnum höfundanna má nefna. Í fyrsta lagi leggja þeir mikla áherslu á *persónusögu*. Ítarlega er sagt frá fjölmörgum einstaklingum sem eru gerendur sögunnar. Stundum er hnýtt í mikla áherslu á persónur hin síðari ár, en hér gegna þessar frásagnir afar veigamiklu hlutverki til skilnings. Þær gæða greiningu á almennri þjóðfélagsþróun lífi; sögurnar sýna hvernig persónur af holdi og blóði framkvæma strauma tíð arandans. Þær eru dæmisögur, sem hjálpa lesanda til þess að skilja hvernig formgerðir samfélagsins birtast í daglegu lífi. Ítarlegar frásagnir af einstökum verslunar- og valdamönnum gegna þessu hlutverki. Glögg kemur fram að margir helstu Íslandskaupmennirnir komu úr elítu Kaupmannahafnar – voru þar ríkir og völdugir og margir í nánum tengslum við konung og æðstu embættismenn – og oftast en ekki merkir gerendur í danskri sögu. Dæmi um þetta er Íslandskaupmaðurinn Hans Nansen, en hann „gegndi lykilhlutverki sem helsti leiðtogi borgara í samningum við erfðaeinveldistökuna 1660 og einveldisskuldbindinguna 1661. Hann var kannski einn helsti hugmyndafræðingur hinnar nýju skipunar“ (fyrri bindi, bls. 192).

Svipað má segja um frásagnir af þeim dönsku einstaklingum sem fyrirferðarmestir eru í íslenskri stjórnmálasögu. Dæmi má taka af „síðustu léns herrunum á Bessastöðum“ – hirðstjórum konungs á 17. öld, sem líka voru kallaðir höfuðsmenn, enda margir höfuðsmenn á skipum Danakóns – sumir reyndar flotaforingjar. Þetta voru elítu-menn – og ef „þeir stóðu sig vel gat hirðstjóraembættið verið stökkpallur til frekari frama“ (fyrri bindi, bls. 206). Félagsleg staða og hernaðarbakgrunnur hirðstjóranna skiptir máli. Nokkuð ítarleg persónufrásögn af Henrik Bjelke varpar ljósi á erfðahyllinguna 1662 í Kópavogi og tengsl Íslendinga við konungsvaldið. – Og í ljósi frásagna Hríflu-Jónasar af Kópavogsfundi er óneitanlega fróðlegt að sjá rifjuð upp eftirmæli Jóns Halldórssonar í Hítardal um Bjelke, sem við dauða sinn hafi verið „tregður af þessa lands innbyggj-urum svo sem þeirra faðir og patron“ (fyrri bindi, bls. 217).

Annað einkenni frásagnarháttar höfundanna er mikil áhersla á *umbverfi og daglegt líf*. Sérstaka aðdáun vekur yfirburðaþekking á Kaupmannahöfn, byggingarsögu hennar og lifnaðarháttum borgarbúa í aldanna rás. Söguviði Íslendinganna sem lifðu og störfuðu í Kaupmannahöfn er brugðið upp í heillandi myndum. Þetta gegnir mikilvægu hlutverki. Myndir af glæsilegum söfnum, þar sem t.d. frelsishetjan Jón Sigurðsson starfaði lengst af ævi sinnar við rannsóknir fyrir danska styrki, undirstrika vel að margir íslensku forystumennirnir í Kaupmannahöfn lifðu flott og sömdu sig að lifnaðarháttum dönsku elítunnar. Frásagnir af íslenskum listamönnum og iðnaðarmönnum af flestum gerðum – sem námu og störfuðu í Höfn – varpa líka skýru ljósi á þróun Íslands til nútímahátta (fyrri bindi, bls. 403–411; síðara bindi bls. 305–381 og 429–461). Og ginnungagapið sem var milli glæsiborgarinnar Kaupmannahafnar og hins frumstaða íslenska bændasamfélags beinlínis æpir á lesandann! Ekki ný sannindi – en dregin upp með óvenjulega dramatískum og sannfærandi hætti, bæði með frásögnum og myndum.

Í þriðja lagi einkennir *höfsemi og yfirvegum umfjöllun höfundanna um Dani og Íslendinga*. Ekki

er reynt að draga upp myndir af hetjum og skúrkum – sagt er frá kostum og löstum danskra einstaklinga og íslenskra – og reynt er meta kosti og lesti sambands Íslands við Danmörku á einstökum sviðum án sleggjudóma. Bæði Danir og Íslendingar virðast njóta sannmælis.

Í fjórða lagi er rík áhersla lögð á að *tengja sögu Íslands við alþjóðlega þróun*, bæði danska, norræna og evrópska. Gerð er grein fyrir helstu þróunareinkennum þessarar sögu í fimm aldir – og raunar lengur. Formgerðunum sem móta hegðun einstaklinganna er prýðilega lýst. Tíðarandi er fangaður með lifandi hætti. Skýrt kemur fram, að gamlar þjóðernis-hugmyndir um einangrun Íslendinga eru goðsögn. Samskipti þeirra við útlendinga voru alltaf mikil – og á flestum sviðum. Íslandssaga sem einblínir á Ísland er fátækleg Íslands-saga.

Í fimmta lagi reyna höfundar oft að *skemmta lesandanum og fræða* – ekki með ómerki-legum gamansögum – heldur frásögnum um óvenjulega menn og atburði; þeim tekst venjulega vel upp – og tengja gjarnan skemmtilegan fróðleik við almenna þjóðfélagsþró-un. Frásagnir um t.d. vinnslu íslensks brennisteins til hernaðarþarfa Danakóns (fyrra bindi, bls. 133-142), fálkaveiðar konungs á Íslandi (fyrra bindi, bls. 196-205) og um her-mennsku Íslendinga og íslenska fanga í Kaupmannahöfn (fyrra bindi, bls. 412-423) gætu fljótt á litið bara virst skemmtilegur fróðleikur; en þegar nánar er að gáð segja þessar frásagnir líka almenna sögu. Sama gildir um kafla um nýlendur Dana í hitabeltinu, þræla-verslun og svokallað *florissant*-tímabil í danski hagsögu. Þetta gæti virst útúrdúr; en varpar eigi að síður ljósi á tilkomu krydds og annarra nýlenduvara í Danmörku og á Íslandi – og líka á tiltekna pólitíska atburði á Íslandi: kannski á fræga „nordurreið“ Skagfirðinga 1849 þegar amtmaðurinn á Möðruvöllum var hrópaður niður – og samhengið er tvímælalaust við illræmda „skrælingjasýningu“ í Kaupmannahöfn í byrjun 20. aldar. Fyrri pólitíski atburðurinn tengist íslenskri lýðræðisþróun – sá síðarnefndi þjóðernishyggi og sjálfs-mynd Íslendinga.

Hvaða erindi á þetta mikla verk við áhugamenn um stjórnmál og stjórnsýslu á Ís-landi? Hin almenna greining á þjóðfélagsþróun fimm alda í Danmörku, Íslandi og nord-anverðri Evrópu er gagnlegt og skemmtilegt yfirlit – félagslegur bakgrunnur pólitískra atburða og breytinga á stjórnarháttum birtist ljóslifandi á þessum mörgu síðum. Sérstakir kaflar um síðarnefndu þættina veita líka aðgengilegt og gagnlegt yfirlit, einkum fyrir þá sem þekkja þessa sögu ekki vel. Lifandi frásögn, tengd persónusögu og einstökum atburðum, getur verið gagnlegri fyrir marga en þurrari fræðirit – sem eru þó auðvitað líka ómissandi fyrir þá sem vilja kafa djúpt. Síðustu tveir kaflar verksins – „Rætur sjálf-stæðisbaráttu Íslendinga“ og „Heimastjórnartíminn 1904-1918“ (síðara bindi, bls. 462-577) – eru prýðileg lesning fyrir stjórnmálafræðinema [og fleiri!] – greinargóðir kaflar, skemmtilegir og vel skrifaðir. Sérstaka athygli þar vekja tillögur Kriegers stiftamtmanns frá 1837 um innlenda stjórn á Íslandi, sem Aðalgeir Kristjánsson hefur skrifað um, en oft er sleppt þegar fjallað er um aðdraganda endurreisnar Alþingis 1845. Höfundarnir segja þetta fyrstu tillögunar „sem settar voru fram um innlenda stjórn á Íslandi, og er athyglisvert að þær komu frá dönskum embættismanni en ekki Íslendingum sjálfum“ (síðara bindi, bls. 475).

Þetta tæplega 1200 blaðsíðna verk er tvímælalaust stórvirki. Það er lifandi frásögn, þar sem persónusaga og lýsingar á daglegum háttum og umhverfi er rækilega tengd við megindrætti þjóðfélagsþróunar á Íslandi og í Danmörku í fimm aldir – og þess gætt að byggja bæði á fræðilegum heimildum og sjálfstæðri rannsókn. Verkið markar tímamót að því leytinu, að aldrei fyrr hefur birst jafn umfangsmikil, sanngjörn og greinargóð lýsing á allsherjarsamskiptum Dana og Íslendinga – í máli og myndum. Þetta er hvalreki fyrir fræðimenn, námsmenn og áhugasaman almenning – þó í mismunandi skilningi sé. Vonandi verður þetta mikla verk fljótlega gefið út á danskri tungu.

